

Lesið úr dýrabeinum

Margrét Valmundsdóttir¹, Sheila Hamilton-Dyer² og Steinunn Kristjánsdóttir³



¹Nemi í Hagnýtri menningarmiðlun, Sagnfræði- og heimspekieild, Hugvísindasvið, Háskóli Íslands ²Sjálfstætt starfandi dýrabeinafræðingur, Southampton, UK ³Dósent, Sagnfræði- og heimspekieild, Hugvísindasvið, Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands, Setberg 306, 101 Reykjavík

Skríðuklaustur í Fljótsdal var stofnað árið 1493 og starfrækt til ársins 1554. Fornleifauppgröftur hefur farið fram á rústum þess frá árinu 2002.

Greining á dýrabeinum er gríðarlega mikilvægur þáttur í fornleifarannsóknnum enda veitir hún ýmsar upplýsingar sem hjálpa til við túlkun uppgraftargagnanna. Dýrabein vitna til að mynda um efnahag og lífnaðarhætti auk þess að endurspeglar stærð bústofna og nýtingu þeirra.

Líklegt er talið að sjúkrastofnun hafi verið rekin á Skríðuklaustri. Þangað hafa því sjúkir leitað hjálpar og ekki er ólíklegt að þeir hafi launað fyrir með mat. Því má gera ráð fyrir því að beinasafnið sýni nokkurn fjölbreytileika umfram það sem finnst við uppgræfti á hefðbundnum bæjarstæðum.

Meirihluti beinanna frá Skríðuklaustri er af spendýrum en einnig er nokkuð af fiskbeinum en fuglabein eru fæst (sjá stöplarit).



Nokkuð hefur fundist af smáhundabeinum á Skríðuklaustri. Hægt er að túlka tilvist þeirra sem stöðutákn bræðranna en þeir gætu þó einnig hafa verið notaðir til að veiða smádýr, eins og mýs.

Við uppgröftinn hafa jafnframt fundist 77 hryggjarliðir úr hámeri. Í meirihluta þeirra hafði verið gert gat í miðjuna þannig að mögulegt hefur verið að þræða þá upp á band (sjá mynd). Flestir hryggjarliðirnir fundust innan kirkjunnar en þó nokkrir í klausturhúsunum. Sé litið til staðsetningar þeirra innan kirkjunnar er hugsanlegt að þeir hafi verið notaðir á talnabönd eða til skrauts.

Loks eru merki um að bein hafi verið unnin og nýtt sem áhöld. Eitt dæmi um það er herðablað af nautgrip sem líklega hefur verið notað sem einhvers konar sleif (sjá mynd).



Höfuðkúpa (skull) af smáhundi



Hryggjarliður (vertebra) úr hámeri með gati í miðju



Herðablað (scapula) af nautgrip

Dýrabeinagreiningin var framkvæmd af Sheilu Hamilton-Dyer fyrir Skríðuklaustursrannsóknir. Stjórnandi rannsóknarinnar er dr. Steinunn Kristjánsdóttir.

Uppdráttur og stöplarit voru unnin af Margréti Valmundsdóttur en ljósmyndir eru frá Sheilu Hamilton-Dyer.

